

GJALDSKRÁ fyrir kattahald á Akranesi.

1. gr.

Eigendur katta á Akranesi skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald á Akranesi, nr. 781/2010.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimt gjald að upphæð kr. 5.000. Fyrir hverja handsömun skráðs kattar, sem er á flækingsi og veldur ónæði skal eigandi hans greiða kr. 5.000 til að fá köttinn afhentan aftur.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

Ef eigandi gefur sig ekki fram innan sjö sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallinn kostnað er heimilt að aflífa köttinn, sbr. 8. gr. í samþykkt um kattahald á Akranesi.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar með vísan í 10. gr. samþykktar um kattahald á Akranesi, og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald á Akranesi nr. 62/2007.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 23. nóvember 2010.

Akranesi, 23. nóvember 2010.

Jón Pálmi Pálsson,
framkvæmdastjóri framkvæmdastofu.